

2. fundur samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Haldinn þann 28. desember kl. 10:00 í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Guðlaug Sigurðardóttir, Helgafellssveit
- Guðmundur H. Hjartarson, Helgafellssveit
- Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit
- Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbæ
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ
- Karín Rut Bæringsdóttir, Helgafellssveit
- Lárus Hannesson, Stykkishólmsbæ
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, Stykkishólmsbæ

Róbert Ragnarsson, Gunnar Úlfarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og staðfest.

2. Íbúasamráð

RR fór yfir helstu niðurstöður samráðs við íbúa frá íbúafundum. Ábendingar og athugasemdir frá íbúum sneru einna helst að skatta- og skólamállum á svæðinu og áhrif íbúa í dreifbýli. Nefndin mun hafa þær ábendingar í huga við áframhaldandi vinnu og mótun framtíðarsýnar fyrir mögulega sameinað sveitarfélag.

3. Gagnaöflun og stöðumat

Ákveðið var að kalla starfsfólk inn á fundi nefndarinnar eftir málaflökkum til að ná meiri dýpt í umræðuna hverju sinni. Umræðuefni næsta fundar verður verður stjórnskipulag og fjármál.

Ráðgjafar fóru yfir áhrif breytinga á fasteignaskatta C-liðar í Helgafellssveit. Umræða um álit samstarfsnefndar og helstu forsendur. Drög að álit verða lögð fram á næsta fundi nefndarinnar. Í framhaldinu verða tvær umræður í sveitarstjórnnum sem klárast í lok janúar og kynningarferli hefst.

4. Sameiginlegir hagsmunir og samskipti við Alþingi og ríki

Nefndin fjallaði um sameiginleg hagsmunamál gagnvart Alþingi og ríki. Ákveðið var að leggja áherslu á heilbrigðismál, samgöngumál og raforkumál. Stefnt er að því að ná fundum með þingmönnum og ráðherrum um miðjan janúar eða febrúar nk.

5. Kynningarmál

Ráðgjafar sögðu frá stöðunni á heimasíðu verkefnisins sem búið er að stofna og verið er að setja efni þar inn. Drög að kynningaráætlun var lögð fram og kynnt.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 11:18. Næsti fundur nefndarinnar verður þriðjudaginn 11. janúar á Zoom.